

## 12.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs.

Haldinn í ráðhúsi Árborgar 6.október 2015 kl. 8:30.

**Mætt:** Ari Björn Thorarensen, Ragnar Magnússon, Aldís Hafsteinsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð. Sveinn Steinarsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar.

**1. Fjárhagsáætlun Tónlistarskóli Árneseinga.**

Farið yfir breytingar frá því í síðustu viku.

**2. Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árneseinga.**

Þorsteinn Másson kemur inn á fundinn og gerir grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2016. Framkvæmdastjórn gerir ekki athugasemdir við áætlunina.

**3. Viðbygging við verknámshúsið Hamar við FSu.**

Ásta Stefánsdóttir kemur inn á fundinn. Langt er síðan haldinn hefur verið fundur í byggingarnefndinni. Nauðsynlegt er að halda fund hið fyrsta svo ljóst sé hver sé hlutur Héraðsnefndar í byggingarkostnaði hússins og hvernig lántökum skuli háttað. Framvinduskýrsla verksins verður lögð fram á haustfundinum. Einnig er æskilegt að greiðsluáætlun verksins verði lögð fram á fundinum.

**4. Hrísholt.**

Aldís sendir póst á Ástu hið fyrsta til þess að þrýsta á um að tekin verði ákvörðun varðandi fasteignina í Hrísholti 6 á Selfossi.

**5. Dagskrá haustfundar.**

Formaður framkv.stj. sendir drög að dagskrá haustfundar á framkv.stj. hið fyrsta. Formaður gerir tillögur að breytingum á samþykktum Héraðsnefndar bs. Framkv.stjórn leggur til að fagráðum stofnana Héraðsnefndar verði breytt í stjórnir og fjölgað verði í stjórn Brunavarna úr 3 í 5.

**6. Rekstur Brunavarna.**

Framkv.stjórn óskar eftir greinargerð frá Óskari Norðmann lögmanni um þá vinnu sem unnin hefur verið varðandi Brunavarnir Árneseyslu og að þar komi enn fremur fram tillögur að næstu skrefum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50.

Ari Björn Thorarensen (sign.)

Ragnar Magnússon (sign.)

Aldís Hafsteinsdóttir (sign.)

Arna Ír Gunnarsdóttir (sign.)